

4. maí 2012: Tilkynnt um úthlutun smærri styrkja

Styrknefnd Ferðamálastofu hefur lokið yfirferð og tekið ákvörðun um úthlutun smærri styrkja til úrbóta í umhverfismálum á ferðamannastöðum 2012. Til úthlutunar voru 8 milljónir króna og fengu 24 verkefni styrk. Alls bárust 75 styrkumsóknir að heildarupphæð 49 milljónir króna.



Ætlað fyrir efniskostnaði og/eða hönnun

Áhersla var á verkefni sem tengjast uppbyggingu og vöruþróun göngu- og hjólaleiða, bættu aðgengi og öryggi ferðamanna og söguferðamennsku. Styrkurinn er ætlaður fyrir efniskostnaði og/eða hönnun.

Fleiri möguleikar til styrkja

Sveinn Rúnar Traustason umhverfisstjóri Ferðamálastofu segir að því miður hafi óhjákvæmilega mörg góð verkefni ekki fengið styrk að þessu sinni. „Við bendum á að Ferðamálastofa mun auglýsa eftir umsóknum til verkefna er tengjast heildarskipulagi, stefnumörkun og vöruþróun ferðamannastaða og -leiða í sumar eða haust. Þá mun Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsa eftir styrkumsóknum fyrir árið 2013 innan skamms. Mörg þeirra verkefna sem ekki fengu styrk núna eru gjaldgeng í þá sjóði,“ segir Sveinn Rúnar.

Listi yfir styrkþega er hér að neðan.

FERÐAMÁLASTOFA

Smærri styrkir - Styrkþegar 2012

Nr.	Umsækjandi	Heiti verkefnis	Styrkuppþæð
1	Á Sturlungaslóð	Víðinesbardagi í Hjaltadal	500.000
2	Djúpavogshreppur	Gönguleiðir við Borgargarðsvatn	400.000
3	Ferðafélag Austur-Skaftfellinga	Skilti og gestabækur við gönguleiðir við Horn	200.000
4	Ferðamálafeðlag Skaftárhrepps	Systrafoss - göngustígur og bætt öryggi ferðamanna	400.000
5	Ferðamálafeðlagið Súlan	Gönguleið á Langanesi	140.000
6	Ferðamálasamtök Vopnafjarðar	Söguganga á eigin spýtur	250.000
7	Hjólafærni á Íslandi	Hjólaleiðir á Íslandi - Móttaka hjólandi ferðamanna á flugstöðvum	200.000
8	Hrafnkelufélagið	Söguskilti á Hrafnkelsstöðum í Fljótsdal	100.000
9	Hveragerðisbær	Hveragarðurinn - hjarta bæjarins!	300.000
10	Kötlusetur	Merking gönguleiða í Höfðabrekkuafrétti	200.000
11	Magnús Már Þorvaldsson	Varða/ minnismerki Vopnfirðingasögu við Hof	150.000
12	Móðir Jörð ehf	Ormurinn - ævintýralegur göngustígur	150.000
13	Náttúrustofa Austurlands	Bætt aðkoma og aðgengi að Fólkvangi Neskaupsstaðar	400.000
14	Ormskrínið	Skilti um Lagarfljótsorminn	300.000
15	Reykhólahreppur	Malarstígur við Langavatn og nágrenni - Reykhólar	400.000
16	Skjálftafélagið á Kópaskeri	Söguskilti og áningarstaður við Skjálftavatnið í Kelduhverfi	200.000
17	Smári Hjaltason	Upplýsinga og fræsluskilti Selárdal Arnarfirði	210.000
18	Steinsholt sf	Gönguleiðir í Ásahreppi og Rangárþingi ytra	500.000
19	Ungmennafélag Íslands	Fjölskyldan á fjallið	500.000
20	Uppsveitir Árnassýslu	Hjólaleiðir í Uppsveitum Árnassýslu	500.000
21	Urðartindur ehf.	Grillhýsi í Norðurfirði	500.000
22	Vesturbyggð	Flókatóftir	500.000
23	Viðey - Reykjavíkurborg	Hönnun á aðgengi fyrir fatlaða í Viðey	500.000
24	VSÓ Ráðgjöf	Hjólaleið umhverfis Mývatn - Aðbúnaður hjólavænna ferðamanna	500.000

8.000.000